

# Hljóðform



MYNDLIST  
**GUNNAR  
ÁRNASON**

**FINNBOGI  
PÉTURSSON**  
KJARVALSSTÖÐUM

Í stuttu máli: Finnboga tekst enn á ný vel upp með flottu hljóðverki þar sem formið fær að hljóma.


Finnbogi Pétursson bætir við enn einu glæsilegu hljóðverki með „Móttöku“, sem er til sýnis og áhlustunar í ganginum milli salanna á Kjarvalsstöðum. Mönnum hefur gefist misvel að sýna á þessum stað í húsinu, en Finnbogi leysir úr þessu á einkar hugvitssamlegan hátt, þannig að það er einna líkast því að gangurinn hafi verið hannaður með verk Finnboga í huga.

Á langveggnum gegnt gluggunum er fjórtán plaströrum raðað lárétt, m.ö.o. sjö rörum raðað hverju ofan á annað og aðskilin með vissu millibili eftir mismunandi hlutföllum. Útkoman verður tver raðir af panflautum eða orgelpípum sem snúa hvor að annarri. Við endann á rörunum eru hátalarar sem eru tengdir við forritara. Hljóðgjafinn er stuttbylgjumóttakari sem er

leiddur inn í forritarann, hann sendir síðan stutt hljóðmerki til hátalaranna, eftir vissri forskrift. Út úr rörunum berast hljóðpúlsar sem hafa mismunandi tónhæð eftir lengd rörsins. Raðirnar skiptast á um að gefa frá sér hljóðmunstur sem er tvítekið í hvorri röð um sig.

Verk Finnboga eru sett saman úr einföldum þáttum, skipulegri upp-röðun, reglubundnum slætti eða sveiflu og taktfastrí tölmi, þar sem saman fara bæði form og hljóð. Inn í þetta reglubundna kerfi innleiðir hann gjarnan einhverja ófyrirsjáanlega óreglu. Það sem hefur gert verk hans sérstök er hvernig honum hefur tekist að gefa hljóði sýnilegt form og nota *hljóðformið* sem myndrænan þátt í uppbyggingu verkanna. Á Bórealis-sýningunni í Listasafni Íslands í fyrra var hann með þrjá pendúla sem sveifluðust misjafnlega hratt; neðan í hverjum pendúl hékk hátalari sem sveiflaðist yfir hljóðnema á gólfinu sem var tengdur í hring við hátalarann, þannig að í hvert sinn sem hátalarinn var nákvæmlega yfir hljóðnemanum myndaðist „feedback“ og hátalarinn gaf frá sér hljóð.

Það er einn kostur á þessum verkum að þau eru ekki óþarflega



„Það sem hefur gert verk Finnboga sérstök er hvernig honum hefur tekist að gefa hljóði sýnilegt form...“

flókin. Finnbogi vinnur með mjög einföld hljóðmerki, hann gengur út frá grunneiningu hljóðbylgjunnar. Orðið „bylgja“ er ekki bundið við hljóð og þegar við gerum okkur í hugarlund eða útskýrum hugtakið sjáum við fyrir okkur mynd eða form; þetta notfærði Finnbogi sér í verkinu „Hring“ sem var sýnt í Ný-

listasafninu 1991, en þar mynduðu hljóðbylgjur vatnsbylgjur. „Sínusbylgja“, sem er ákveðin tegund af hljóðbylgju, er einnig skilgreind á grafískan hátt, og svokölluð „kassabylgja“, sem Finnbogi hefur einnig notað, er svo kölluð vegna þess að hún er *köntuð*. Það er því veruleg ástæða til að taka hið sjónræna eðli

hljóðsins alvarlega og Finnboga hefur með hugviti og verkviti tekist að skapa verk þar sem við *sjáum* hljóð og *heyrum* myndir.

„Móttaka“ er margþættara en mörg fyrri verka Finnboga — hljóðið sem kemur frá stuttbylgju-tækinu, munstur forritarans og lengd róranna — það fellur ekki


saman í eins augljósa heild og honum hefur áður tekist að skapa. Það jaðrar einnig við að vera nokkurs konar „hljóðfæra-skúlptúr“, sem er pæling sem getur hæglega leitt í aðrar áttir. En öll hönnun og útfærsla á verkinu er flott og ber vitni um agaða og vel ígrundaða vinnu.

# Sagan flýgur

**MAGNÚS  
PÁLSSON**  
NÝLISTASAFNINU

Í stuttu máli: Góð sýning þar sem hárfint fegurðarskyn Magnúsar nýtur sín.

Magnús Pálsson viðurkennir engin mörk milli listgreina. Þótt vissulega megi kalla hann myndlistarmann hefur hann verið ötull andstæðingur aðskilnaðarstefnu milli myndlistariðkenda og annarra listamanna. Hann hefur unnið talsvert með leikurum, sbr. uppfærslu á „Sprengdri hljóðhimnu“ í Þjóðleikhúsinu 1991, og með hljóðlistarmönnum í hljóðverki fyrir útvarp, „Freyfaxa“. Það hefur einkennt þau verkefni sem Magnús hefur sett sér að hann hefur notið aðstoðar bæði lærðra og leikra við uppsetningar á verkum sínum. Það sama er upp á teningnum á sýningu Magnúsar í Nýlistasafninu, sem ber heitið „Varla...“. Hún kemur í eðlilegu framhaldi af sýningu sem Magnús hélt fyrir réttu ári í Gallerí einn. Þar var nefntóbaki hrúgað í horn með trúðslegum nefjum í kring, en úr hátölurum bárust raddir sem fluttu texta og ýmis búkhljóð sem Magnús hafði sett saman. Þar hafði hann úrvalshóp leikara sér til fulltings.



MYNDLIST  
**GUNNAR  
ÁRNASON**

Það hljómar undarlega að segja um mann á hans aldri að hann taki framförum, en Magnús bætir um betur með hverri sýningu og þessi er framúrskarandi. Hún býður upp á margt af því besta sem sérkennir myndlist hans, hárfint fegurðarskyn og lúmskt skopskyn.

Neftóbak lék stórt hlutverk á síðustu sýningu, en á þessari er það sápa og sterka sápuþykkt leggur um sali Nýlistasafnsins. Magnús hefur í mörg ár safnað notuðum sápum og þessum sápuþykkjum, sem eru áreiðanlega fleiri hundruð af ýmsum stærðum og litum, er raðað saman á lágum strigaklæddum borðum til að mynda orð. Á borði í gryfjunni stendur skrifað orðið „Atlantis“, í forsal er nafnið „Djengis Khan“, og í SÚM-salnum eru tvö borð, annað með orðinu „Etán“, sem er nafn á írskri álfa-drottningu, og á hinu stendur „Langbrok“, sbr. Hallgerður langbrok (en Magnús er þeirrar skoð-


unar að „langbrok“ sé rétt stafsetning og þýði ekki síðbuxur, heldur sitt gullið hárl).

Í kringum borðin eru staðsettir fjórir hátalarar og úr hverjum um sig kemur rödd. Raddirnar fjórar þylja þulu sem Magnús hefur sett saman úr ýmsum textum sem tengjast orðunum. Þulan um Atlantis er fengin úr Ódysseiskviðu og raddirnar söngla seiðandi röddu um horfinn heim og unaðsreit. Við opnunina fluttu leikararnir Arnar Jónsson, Guðrún Stephensen, Jóhanna Jónas og Jón Stefán Kristjánsson, undir stjórn Kristbjargar Kjeld, þulurnar og gerðu það afskaplega vel. Á meðan á sýningunni stendur er spiluhú upptaka.

Það er mun áhrifaríkara að hafa leikarana fyrir framan sig og hljómburðurinn í safninu er ekki upp á það besta. Hljóðin í forsalnum og gryfjunni vilja renna saman. En hljómfallið og stemmningin sem raddirnar skapa skiptir meira máli en upplýsingagildi orðanna.

Í kringum hvert borð, í hverju „rjóðri“, eins og Magnús kallar þau, er verið að segja sögu, á bak við hvert orð um sig liggur saga. Það má jafnvel segja að hvert sápuþykki búi yfir sögu, hvernig eigandinn hefur handleikið það og mótað milli handanna og hvernig

sápan hefur dreift sér um allan heim með skolvatninu á svipaðan hátt og saga sem sögð er dreifir sér og varðveitist í ýmsum myndum mann fram af manni öldum saman. Flökkueðli sögunnar er undirstrikað með því að á sum sápuþykkjum eru grafin orð eða hendingar sem eiga heima í þulu sem tilheyrir öðru orði og öðru rjóðri. Þannig má kannski skilja orðsendinguna sem Magnús hefur skilið eftir á súlu í forsalnum: „Sagan flýgur í loftinu og tekur á sig maska.“



MYND: JIM SMART

„Magnús bætir um betur með hverri sýningu og þessi er framúrskarandi.“